

ÚRSKURÐUR MÓTSSTJÓRNAR ÍSLANDSMÓTS

SKÁKFÉLAGA 2013-2014

Ár 2013, mánudagur 14. október, eru tekin fyrir mál nr. 3, 4 og 5/2013; kærur Taflfélags Reykjavíkur (TR) vegna lögmætis keppenda með Skákfélaginu GM Helli (GMH) í fyrri hluta Íslandsmóts skákfélaga 2013-2014. Í málinu úrskurða Sverrir Örn Björnsson, Áskell Örn Kárason og Helgi Árnason.

Fyrsta kæra TR barst mótsstjórn eftir upphaf 3. umferðar Íslandsmóts skákfélaga 2013-2014 laugardaginn 12. október 2013 þar sem m.a. áttust við í 1. deild b-sveit TR og a-sveit GMH. Í erindinu kemur fram að það sé skilningur TR að allir keppendur a-sveitar GMH í viðureigninni hafi verið ólögmætir samkvæmt 19. gr., sbr. 20. gr. skáklaga Skáksambands Íslands. Er þess krafist af hálfu TR að b-sveit TR verði úrskurðaður sigur 8-0 í framangreindri viðureign sveitarinnar við a-sveit GMH í 3. umferð Íslandsmótsins. Í erindi TR er rakið að hinn 26. september 2013 hafi opinberlega verið kunngerð sameining tveggja skákfélaga, þ.e. Taflfélagsins Hellis annars vegar og Skákfélagsins Goðans-Máta hins vegar, í eitt félag undir nafni GMH með fyrirvara um samþykki félagsfunda félaganna. Hafi þá verið liðinn 20 daga frestur til félagaskipta samkvæmt 19. gr. skáklaga þar sem fram kemur að tilkynning skákmanns skv. 2. gr. reglugerðar um Keppendaskrá Skáksambandsins skuli hafa verið send 20 dögum fyrir upphaf fyrri hluta Íslandsmóts skákfélaga, ella geti hann ekki teflt fyrir sitt nýja félag í því. Allir þeir skákmenn, sem teflt hafi fyrir a-sveit GMH í viðureign sveitarinnar við b-sveit TR í 3. umferð Íslandsmótsins, hafi þá verið skráðir í önnur félög í keppendaskrá Skáksambandsins, þ.e. í Taflfélagið Helli eða eftir atvikum Skákfélagið Goðann-Máta, enda hafi keppendaskrá hins sameinaða félags GMH ekki verið að finna í keppendaskránni. Sé óheimilt að breyta keppendaskrá og uppstillingu liða eftir að 20 daga fresturinn samkvæmt 19. gr. skáklaga sé liðinn, enda stríði slíkt gegn jafnræði keppenda á Íslandsmótinu. Ljóst sé að enginn skákmaður hafi verið skráður í GMH þegar frestur til félagaskipta samkvæmt 19. gr. skáklaga rann út. Engu breyti um þessa niðurstöðu þótt fjallað sé um sameiningu skákfélaga í 8. gr. reglugerðar um Íslandsmót skákfélaga, enda séu skáklög æðri réttarheimild og reglugerðin hljóti því að víkja að því leyti sem hún fari gegn skýrum ákvæðum skáklaga. Þar sem TR líti svo á að um gróft brot sé að ræða á 19. gr., sbr. 20. gr. skáklaga sé farið fram á

að b-sveit TR verði úrskurðaður 8-0 sigur í viðureign sveitarinnar við a-sveit GMH í 3. umferð Íslandsmóts skákfélaga.

Sunnudaginn 13. október 2013 bárust mótsstjórn síðan tvær aðrar kærur TR á hendur GMH. Lúta þær kærur annars vegar að viðureign a-sveitar TR við a-sveit GMH í 5. umferð 1. deildar Íslandsmóts skákfélaga þann dag og hins vegar að viðureign c-sveitar TR við e-sveit GMH í 2. umferð 3. deildar Íslandsmótsins laugardaginn 12. október 2013. Eru kærur þessar bornar fram á sömu forsendum og framangreind kæra TR vegna viðureignar b-sveitar félagsins við a-sveit GMH í 3. umferð 1. deildar. Er þess í báðum tilvikum krafist að sveitum TR verði úrskurðaður sigur í viðureignum þeirra við sveitir GMH, þ.e. 8-0 í viðureigninni í 1. deild og 6-0 í viðureigninni í 3. deild.

Af hálfu mótsstjórnar voru formanni GMH kynntar kærur TR á mótsstað og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum í tilefni af þeim, sbr. 20. gr. skáklaga. Athugasemdir formanns GMH bárust mótsstjórn með bréfi, dags. 13. október 2013. Þar kemur fram að Taflfélagið Hellir og Skáklfélagið Goðinn-Mátar hafi sameinast í eitt félag, GMH, á grundvelli samrunasamnings sem samþykktur hafi verið á félagsfundum beggja félaganna hinn 6. október 2013. Á stjórnarfundi í Skáksambandi Íslands 2. október 2013 hafi stjórnin staðfest að hið nýja félag GMH væri fullgildur aðili að Skáksambandinu og tæki við réttindum og skyldum samrunafélaganna. Þá hefði verið staðfest að 8. gr. reglugerðar um Íslandsmót skákfélaga gildi um þátttöku GMH í Íslandsmótinu 2013-2014. Á grundvelli þessarar samþykktar hafi hið sameinaða félag GMH sent sveitir til þátttöku í mótinu. Fram kemur í bréfinu að þar sem stjórn Skáksambands Íslands hafi þannig staðfest keppendaskrá GMH á grundvelli 3. mgr. 19. gr. skáklaga og þeirri ákvörðun ekki verið skotið til dómstóls SÍ verði ekki séð að það sé í verkahring mótsstjórnar Íslandsmóts skákfélaga að kveða á um lögmæti keppendaskrárinnar í heild sinni, sbr. 21. gr. skáklaga. Af texta 21. gr. laganna verði ráðið að mótsstjórn geti einungis kannað lögmæti einstakra keppenda en ekki úrskurðað um lögmæti keppendaskrárinnar í heild sinni. Telji mótsstjórn sig hins vegar hafa vald til slíks þá verði að hafa í huga að hvergi í lögum og reglum Skáksambands Íslands sé girt fyrir slíka sameiningu skákfélaga sem um ræðir. Í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar um Íslandsmót skákfélaga sé enginn frestur settur um slíkar sameiningar. Sameining félaga verði ekki lögð að jöfnu við félagaskipti, enda hafi liðsmenn hinna sameinuðu félaga hvorki þurft að skrá sig úr félagi né skrá sig í félag. Þá sé afar viðurhlutamikil ákvörðun að dæma allar skákir keppenda GMH í

Íslandsmótinu 2013-2014 tapaðar og yrði slík ákvörðun að byggja á traustum lagagrundvelli. Ákvæði 8. gr. reglugerðar um Íslandsmót skákfélaga hljóti að eiga við í málinu þar sem ekkert sé fjallað um sameiningu félaga í skáklögum. Þá séu engin tímamörk sett við þeirri sameiningu sveita sem fjallað sé um í 17. gr. skáklaga og verði ekki fallist á að sameining félaga samkvæmt 8. gr. reglugerðarinnar sé háð strangari skilyrðum að því leyti.

Niðurstaða:

Samkvæmt 20. gr. skáklaga Skáksambands Íslands skulu keppendur í Íslandsmóti skákfélaga vera skráðir í Keppendaskrá Skáksambandsins sem félagsmenn þeirra félaga sem þeir tefla fyrir. Í 1. mgr. 19. gr. skáklaganna kemur fram að aðeins þeir sem eru í Keppendaskrá SÍ teljist löglegir með viðkomandi félagi í Íslandsmóti skákfélaga (fyrri og seinni hluta). Þó eru þeir skákmenn sem eru án skákstiga og án félags undanþegnir því að þurfa að vera í Keppendaskránni. Samkvæmt 3. mgr. 19. gr. skáklaganna skulu athugasemdir vegna Keppendaskrárinnar hafa borist Skáksambandi Íslands viku fyrir mót og Skáksamband Íslands að úrskurða í síðasta lagi fimm dögum fyrir upphaf Íslandsmóts skákfélaga.

Samkvæmt 21. gr. skáklaga skal stjórn Skáksambandsins árlega skipa sérstaka mótsstjórn sem sker úr um lögmæti keppenda ef beiðni um athugun á lögmæti viðkomandi liggur fyrir eða ef kæra berst mótsstjórninni. Beiðni um athugun og/eða kæra skal berast mótsstjórn, eða skákstjórum fyrir hennar hönd, innan 48 tíma eftir að umferð lýkur í þeirri umferð sem ólöglegur keppandi telst hafa teflt í. Í niðurlagi 21. gr. skáklaga kemur fram að skákstjóri úrskurði um önnur vafaatriði.

Samkvæmt framansögðu er hlutverk mótsstjórnar Íslandsmóts skákfélaga fólgið í því að skera úr um lögmæti keppenda í Íslandsmóti skákfélaga að undangenginni kæru eða beiðni um athugun. Eins og viðfangsefni mótsstjórnarinnar er markað í 21. gr. skáklaga og með hliðsjón af því að í 19. gr. skáklaganna er gert ráð fyrir því að Skáksamband Íslands úrskurði sjálft um athugasemdir vegna keppendaskrár, sem berast í síðasta lagi viku fyrir mót, verður að líta svo á að mótsstjórn sé fyrst og fremst ætlað að úrskurða um lögmæti einstakra keppenda í Íslandsmótinu eftir að mótið er hafið og þá einkum með tilliti til þeirra skilyrða sem sett eru í 19. og 20. gr. skáklaganna. Þá er auk þess ljóst að það heyrir undir mótsstjórn að skera úr um lögmæti uppstillingar í lið ef kæra berst út af uppstillingu eftir að mótið er hafið, sbr. niðurlag 6. gr. reglugerðar um Íslandsmót skákfélaga. Önnur álitæfni og

vafaatriði varðandi framkvæmd Íslandsmóts skákfélaga heyra hins vegar ekki undir mótsstjórn samkvæmt framansögðu heldur stjórn Skáksambands Íslands eða eftir atvikum skákstjóra, sbr. 2. gr. og 3. mgr. 19. gr. skáklaganna.

Eins og fram kemur í málavaxtalýsingu hér að framan telur TR að allir keppendur í a- og e-sveitum GMH á Íslandsmóti skákfélaga 2013-2014 hafi verið ólögmætir með félaginu í viðureignum þess við TR um sl. helgi þar sem sameining Taflfélagsins Hellis og Skákfélagsins Goðans-Máta hafi ekki verið kunngerð fyrr en eftir að 20 daga frestur til félagaskipta samkvæmt 2. mgr. 19. gr. skáklaga var liðinn. Þrátt fyrir að kærur TR lúti þannig í orði kveðnu að meintu ólögmæti umræddra keppenda GMH þykir þó blasa við að efnislega og í raun varðar kæran það álitaefni hvort fyrrnefndur frestur til félagaskipta í 2. mgr. 19. gr. laganna standi í vegi fyrir því að taflfélög, sem sameinast að liðnum þeim fresti en áður en Íslandsmót skákfélaga hefst, geti tekið þátt í mótinu í nafni hins sameinaða félags. Felur krafa TR þannig í sér í raun að hinu sameinaða félagi GMH hafi verið óheimilt að taka þátt í Íslandsmótinu 2013-2014. Ekki er ágreiningur um það í málinu að þeir keppendur GMH, sem um ræðir, hafi allir verið skráðir í keppendaskrá sem félagsmenn hinna sameinuðu félaga áður en 20 daga fresturinn rann út, þ.e. annað hvort sem félagsmenn í Taflfélaginu Helli eða sem félagsmenn í Skákfélaginu Goðanum-Mátum.

Með vísan til þess, sem hér að framan er rakið, verður ekki talið að kæruefni málsins lúti að „lögmæti keppenda“ í skilningi 21. gr. skáklaga Skáksambands Íslands. Verður því ekki talið að ágreiningur málsins heyri undir mótsstjórn Íslandsmóts skákfélaga 2013-2014 eins og valdsvið og verkefni mótsstjórnarinnar eru skilgreind í lögum þessum. Er kærum TR því vísað frá.

Úrskurðarorð:

Kærum Taflfélags Reykjavíkur er vísað frá.

Um málskot:

Úrskurði þessum má skjóta til Dómstóls SÍ. Kærufrestur er þrír sólarhringar frá því að úrskurður mótsstjórnar lá fyrir.